

## Aðalfundur Félags fornleifafræðinga

27. nóvember kl 17:00 á Hallveigarstöðum við Túngötu 14 í Reykjavík.

Mætingarlisti var látinn ganga.

Fundargerð:

- 1. Kosning fundarstjóra.** Ármann Guðmundsson tilnefndur sem fundarstjóri og Albína Hulda Pálsdóttir ritar sér um fundargerð.
- 2. Nýir félagar samþykktir formlega.** Nýir aðalfélagar eru Guðrún Helga Jónsdóttir, Kristín Sýlvía Ragnarsdóttir öll með BA próf í fornleifafræði frá Háskóla Íslands. Að auki Julia Tubman og Unn Gelting sem einnig eru með BA próf í fornleifafræði. Nýir aukafélagar eru Guðmundur Rúnar Ingvarsson, Gylfi Björn Helga, Inga María Ellertsdóttir, Kristjana Vilhjálmisdóttir, Sigurður Snæbjörn Stefánsson, Íris Björg Kristinsdóttir, Þórunn Arnardóttir, Imesha Chaturanga Charegre nýnemar í fornleifafræði við Háskóla Íslands
- 3. Skýrsla stjórnar.** Ármann Guðmundsson flutti skýrslu stjórnar. Skýrslan er aðgengileg á heimasíðu félagsins.
- 4. Lagðir fram endurskoðaðir reikningar.** Fjárhagsstaða félagsins er mjög sterk. Einu fyrirbyggjandi útgjöldin sem eftir eru á þessu ári eru félagsskírteini sem verða vonandi tilbúin í byrjun desember, áætlaður kostnaður við þau er 40.000-60.000 kr. Óskað eftir tillögum frá félagsmönnum um hvernig á að eyða peningunum félagsins þeim til hagsbóta. Endurskoðaðir reikningar félagsins eru aðgengilegir á heimasíðu félagsins.
- 5. Ólafía V. og VI.** Mikill vonbrigði að ekki hafi náðst að klára útgáfu V. heftis. Tafir hafa orðið á útgáfu V. heftis vegna þýðinga. Stjórn í samráði við ritstjóra beggja hefta hefur ákveðið að þau verði gefin út saman í einu hefti. Vinnan við frágang er langt komin en þó nokkrir stórir þættir enn eftir. Sameinuð Ólafía V mun koma út snemma á nýju ári. Stjórn leggur til að haldinn verði aukaaðalfundur þar sem framtíð ritsins verður rædd og farið yfir efni næsta heftis (VII). Sjóðurinn sem styður við útgáfuna stendur vel og ákveðið hefur verið að greiða fyrir utanaðkomandi prófarkalestur og umbrot. Spurt er um titil heftisins en það hefur ekki verið ákveðið. Þema V. heftis er Tímatafsfræði en VI. heftis samspil fornleifafræði og safnafræði. Bjarni F. Einarsson leggur til titillinn Tímasöfn. Sólrún Inga Traustadóttir sem situr í ritnefnd VI. heftis bendir á að þessi ákvörðun sé ný af nálinni, efni greinanna tengjast og þetta mun falla vel saman. Kristján Mímisson tekur vel í þetta. Þýðingin á grein Christians Thomsen um þriggja alda kerfið tengir efnin vel saman enda sterk tenging milli fornleifafræði og safnafræði þar.
- 6. Kosning varamanns í stjórn.** Bjarni F. Einarsson leggur til að karlmaður bjóði sig fram til að jafna kynjahalla í stjórn. Hermann Jakob Hjartarson býður sig einn fram og er samþykktur með lófataki.
- 7. Kosning í önnur embætti og nefndir**

- a. Kjör á varamanni til setu í fornminjanefnd fyrir hönd félagsins. Oddgeir Isaksen sem var varamaður fyrir félagið starfar nú hjá Minjastofnun og sagði því af sér. Guðmundur Ólafsson bauð sig einn fram og var samþykktur með lófataki. Nokkrar umræður um hæfi, vanhæfi og mikilvægi þess að ætíð sé menntaður fornleifafræðingur á fundum nefndarinnar.
- 8. Ákvörðun félagsgjalda fyrir 2015.** Eru nú 3000 kr. fyrir aðalfélaga og 1500 kr. fyrir aukafélaga og stjórnin leggur til að þau verði óbreytt fyrir árið 2015. Það er samþykkt með lófataki.
- 9. Lagabreytingar.** Gerðar voru smávægilegar breytingar á þeirri tillögu sem lögð var fram. Bjarni F. Einarsson benti á að stjórn væri að brjóta í bága við gildandi lög félagsins með dagskrá aðalfundar. Lagabreytingin var samþykkt með lófataki.
8. gr laga Félags fornleifafræðinga er nú svohljóðandi:  
 Aðalfund skal halda ár hvert eigi síðar en 1. desember. Skal hann boðaður skriflega ásamt dagskrá með a.m.k. tveggja vikna fyrirvara. Aðalfundur skal auglýstur á heimasíðu félagsins. Aðalfundur er lögmaður ef löglega er til hans boðað. Á aðalfundi ræður einfaldur meirihluti atkvæða afgreiðslu mála, nema félagslög kveði á um annað.

Dagskrá aðalfundar skal vera sem hér segir:

- 1) Kosning fundarstjóra
- 2) Nýir félagar samþykktir
- 3) Skýrsla liðins árs
- 4) Lagðir fram endurskoðaðir reikningar félagsins
- 5) Kosning formanns (annað hvert ár)
- 6) Kosning stjórnar (annað hvert ár)
- 7) Kosnir endurskoðendur (annað hvert ár)
- 8) Kosning í síðanefnd (annað hvert ár)
- 9) Ritstjóri og ritnefnd Ólafíu kosin
- 10) Kosning í önnur embætti og nefndir eftir því sem við á
- 11) Ákvörðun félagsgjalda
- 12) Tillögur að lagabreytingum
- 13) Önnur mál

Aðrir félagsfundir skulu haldnir þegar stjórn sér ástæðu til. Stjórn er heimilt að boða til aukaaðalfundar. Skal hann boðaður með sama hætti og aðalfundur og fundarefni tilgreint í fundarboði. Stjórn er skylt að boða til aukaaðalfundar ef meirihluti fullgildra félagsmanna krefst þess skriflega og tilgreinir fundarefni.

**10. Önnur mál.**

- a. Formaður spyr fundinn hvers konar viðburði félagsmenn vilji að félagið standi fyrir. Margir sammála því að ferðin á Reykjanes hafi heppnast vel og margir spenntir til fyrir fleiri ferðum. Oddgeir leggur til að haldið verði bjórkvöld til að hrista hópinn saman. Bjarni F. Einarsson leggur til að

félagið fari aftur að bjóða erlendum fræðimönnum til landsins til þess að halda fyrirlestra sérstaklega í ljósi góðrar fjárhagsstöðu félagsins. Stjórn óskar eftir tillögum frá félagsmönnum um fræðimenn sem gaman væri að bjóða. Sólrún Inga Traustadóttir leggur til að haldið verði útgáfuteiti þegar Ólafía kemur út. Bjarni F. Einarsson leggur til að tengja þema Ólafíu við komu erlends fræðimanns og þýða þá grein í ritið eftir viðkomandi í leiðinni. Lilja bendir á að hún persónulega myndi hún mæta frekar á bjórkvöld ef það er fyrirlestur á undan. Bjarni F. Einarsson leggur til að það verði einhver léttur fyrirlestur, nefnir dæmi um skrímslafyrirlestur sem haldinn var á undan bjórkvöldi hjá Félagi íslenskra fornleifafræðinga fyrir margt löngu.

- b.** Birna Lárusdóttir varaformaður FF kynnir fyrirlestrarröð um Nýjar rannsóknir í íslenskri fornleifafræði sem félagið stendur fyrir á vormisseri í samstarfi við námsbraut í fornleifafræði við Háskóla Íslands. Möguleiki á bæði 20 mínútna og 40 mínútna fyrirlesturum. Félagsmenn eru hvattir til að senda inn tillögur að fyrirlesturum.
- c.** Siðareglur. Búið að semja drög áður en félögin sameinuðust. Gavin og Kristján sitja í siðanefnd. Áriðandi að klára þetta. Leggja til grundvallar þá vinnu sem stjórnir FFÍ og FÍF höfðu unnið fyrir sameiningu. Ármann kemur þeim drögum til Kristjáns Mímissonar og Gavins Lucas. Guðmundur Ólafsson leggur til að undirbúningshópurinn hitti Gavin og Kristján og ræði um þetta sameiginlega. Vel tekið í þessa hugmynd.
- d.** Framhaldsaðalfundur. Taka fyrir siðareglur þar og ræða um Ólafíu. Stefnt að því að halda þennan fund í mars 2015.
- e.** Fornminjanefnd. Félagi ítreki að varamaður félagsins sé ætíð kallaður inn þegar aðalmaður félagsins er vanhæfur. Oddgeir bendir á að hann var í raun vanhæfur til setu á fundum hvort eð er þar sem hann var sjálfur virkur í rannsóknum á þeim tíma. Umræður um vanhæfi fulltrúa félagsins vegna tengsla eða eigin umsókna í sjóðinn.
- f.** Stjórn félagsins athugi hvernig staðan er á endurskoðun laga um minjavernd.
- g.** Aðalfundur Félags fornleifafræðinga, 27. nóvember 2014, samþykkti einróma að ítreka fyrri kröfu félagsins um að tveir fulltrúar félagsins fái sæti í fornminjanefnd sem gengir mikilvægu stefnumarkandi hlutverki hvað varðar minjavernd og sér um faglegar úthlutanir til fornleifarannsókna úr fornminjasjóði. Ályktun þessi var samþykkt með lófataki.
- h.** Stjórn leggur til að félagið sækir um aðstöðu í ReykjavíkurAkademíu til að félagið eigi sér samastað fyrir fyrirlestra og stjórnarfundi. RA er nú með aðstöðu í Katrínartúni. Ekki ljóst hvað þetta kostar en stjórn mun kanna það og ekki fara í þetta nema verðið sé hóflegt.

Fundi slitið kl. 18.40

Albína Hulda Pálsdóttir ritaði fundargerð.